

AUGLÝSING

um staðfestingu samnings um félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk í Kjósarhreppi.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og innviðaráðuneytið hafa staðfest meðfylgjandi samning sem sveitarstjórnir Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps hafa gert með sér um félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk með vísan til 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, 2. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Mosfellsbær tekur að sér félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk í Kjósarhreppi skv. nánari ákvæðum samningsins.

Samningurinn sem gerður er á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Innviðaráðuneytinu, 14. ágúst 2023.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 14. ágúst 2023.

F. h. r.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir 2023-2026.

Kjósarhreppur, kt. 690169-3129, og Mosfellsbær, kt. 470269-5969, gera með sér svohljóðandi samning um þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Samningur þessi er gerður með vísan til 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 7. gr. laga nr. 40/1991 og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2018.

1. gr.

Hlutverk velferðarsviðs.

Velferðarsvið Mosfellsbæjar tekur að sér eftirfarandi þjónustu fyrir hönd Kjósarhrepps skv. ákvæðum laga nr. 40/1991 og laga nr. 38/2018:

- a. Félagslega ráðgjöf skv. V. kafla laga nr. 40/1991.
- b. Móttöku og úrvinnslu umsókna um fjárhagsaðstoð skv. VI. kafla laga nr. 40/1991 og veitingu þjónustunnar.
- c. Móttöku og úrvinnslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning skv. 45. gr. laga nr. 40/1991 og veitingu þjónustunnar.
- d. Móttöku og úrvinnslu umsókna um félagslegt leiguhúsnæði skv. XII. kafla laga nr. 40/1991.
- e. Móttöku og úrvinnslu umsókna um þjónustu skv. III., IV. og V. kafla laga nr. 38/2018.
- f. Móttöku og úrvinnslu umsókna um stuðningsþjónustu (þ.m.t. notendasamninga og akstursþjónustu) skv. VII. kafla laga nr. 40/1991.
- g. Myndun þjónustuteymis skv. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 38/2018.

2. gr.

Valdheimildir.

Valdheimildir velferðarsviðs Mosfellsbæjar skv. a–g-lið 1. gr. felast í því að starfsmenn sviðsins, undir stjórn framkvæmdastjóra þess, meta þörf viðkomandi fyrir þjónustu og taka ákvörðun um þjónustu í samræmi við viðeigandi reglur Kjósarhrepps. Velferðarsvið annast alla umsýslu vegna þjónustunnar þar sem við á svo sem greiðslu styrkja, lána eða innheimtu skulda eftir því sem við á hverju sinni.

Kjósarhreppur annast framkvæmd stuðnings- og stoðþjónustu, skv. e- og f-lið 1. gr., nema um slíkt sé samið sérstaklega milli aðila í hverju tilviki fyrir sig. Kjósarhreppur fer að öðru leyti með öll þau verkefni sem sveitarfélögum eru falin skv. lögum nr. 40/1991 og lögum nr. 38/2018.

Velferðarnefnd Mosfellsbæjar fjallar um beiðnir um endurskoðun ákvarðana starfsmanna velferðarsviðs skv. 1. gr.

3. gr.

Skýrslugerð og framkvæmd.

Velferðarsvið Mosfellsbæjar sendir Kjósarhreppi skýrslu í lok hvers árs um þau verkefni sem unnin hafa verið fyrir sveitarfélagið á viðkomandi ári. Enn fremur skilar velferðarsvið árlega skýrslu til Hagstofu Íslands um veitta þjónustu fyrir Kjósarhrepp samkvæmt lögum nr. 40/1991 og lögum nr. 38/2018.

Mosfellsbæ er heimilt að gera samninga við einkaaðila, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga, um framkvæmd þeirra verkefna sem bænum hafa verið falin í samningi þessum. Ef samið er um þjónustu sem lýtur eftirliti Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála samkvæmt lögum nr. 88/2021 er það skilyrði fyrir samningsgerðinni að viðkomandi einkaaðili hafi aflað rekstrarleyfis, sbr. 5. gr. laganna.

Hafi samningur í för með sér aukinn kostnað fyrir Kjósarhrepp eða verulegar breytingar á þjónustu þarf að leggja hann fyrir Kjósarhrepp til samþykktar áður en gengið er frá samningum við viðkomandi einkaaðila.

4. gr.

Greiðsla fyrir þjónustu.

Kjósarhreppur greiðir þann kostnað sem hlýst af veitingu þjónustu samkvæmt samningi þessum í lok hvers árs að viðbættu 15% álagi vegna umsýslu.

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum greiðir Kjósarhreppur árlega grunngjald margfaldað með íbúafjölda Kjósarhrepps sem er skilgreint sem 1% af meðalmánaðarlaunum ráðgjafa og stjórnenda, að viðbættu 15% álagi vegna stjórnunar og umsýslu.

Þegar starfsmenn velferðarsviðs vitja íbúa Kjósarhrepps á heimili þeirra eða sinna öðrum erindum vegna meðferðar mála endurgreiðir hreppurinn Mosfellsbæ útlagðan kostnað vegna þess.

5. gr.

Endurskoðun.

Samningurinn er tímabundinn og gildir til 31. desember 2026.

Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara. Uppsögn skal fara fram með skriflegri tilkynningu.

Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum eða verkefnum honum tengdum sem ekki hefur tekist að leysa, skal skipa þriggja manna sáttanefnd til að fjalla um ágreininginn og leita lausna á honum. Skal a.m.k. einn nefndarmanna í sáttanefnd vera óháður sveitarfélögunum.

Sáttanefndin leggur fram tillögu til sveitarstjórna um lausn ágreiningsins. Samþykki sveitarstjórnir ekki sáttatillöguna og fullreynt þykir að sættir náist er unnt að skjóta málinu til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur.

6. gr.
Gildistími.

Samningur þessi hefur verið samþykktur af sveitarstjórn beggja sveitarfélaga, sbr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga. Samningurinn öðlast gildi við birtingu og gildir til og með 31. desember 2026.

B-deild – Útgáfudagur: 12. september 2023